



Gjaldskrá fyrir flutning á raforku og kerfisþjónustu

Nr. 8
Gildir frá 1. febrúar 2008

1. grein

Gjaldskrá þessi gildir fyrir flutning raforku um flutningskerfi Landsnets hf.
Gjaldskrá þessi gildir einnig fyrir virkjanir sem tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu.

2. grein

Eftirfarandi skilgreiningar eiga við um og eru notaðar í gjaldskrá þessari:

Afhendingarspenna: Sú staðalspenna (málspenna) sem Landsnet afhendir rafmagn á.

Afhendingarstaður: Staður í flutnings- eða dreifikerfi þar sem innmötun eða úttekt raforku fer fram.

Almanaksár: 1. janúar - 31. desember ár hvert.

Flutningskerfi: Raflínur og mannvirki þeim tengd sem nauðsynleg eru til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna á þeim afhendingarstöðum sem taldir eru upp í viðauka með raforkulögum nr. 65/2003 nr. 89/2004. Það nær frá háspennuhlið stöðvarspenna virkjana sem tengjast því, sbr. 3. mgr. 5. gr. raforkulaga, að háspennuhlið aðveituspenna stórnotenda og dreifiveitna.

Ótryggt rafmagn: Rafmagn sem Landsneti er heimilt að láta skerða vegna truflana í flutningskerfinu eða raforkuverum, vegna flutningstakmarkana, viðhalds eða reglubundinna prófana. Skerðingar og skömmtun skv. 9. mgr. 9 gr. raforkulaga eru hér undanþegnar.

Innmötun: Rafmagn sem matað er inn á flutningskerfi eða dreifikerfi.

Stórnotandi: Notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl með árlegum nýtingartíma 8.000 stundir eða meira.

Úttekt: Það rafmagn sem viðskiptavinir taka út af flutningskerfi Landsnets, ásamt því rafmagni sem framleitt er í virkjunum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu.

3. grein

Afhendingarstaðir og afhendingarspenna við innmötun og úttekt raforku eru sem hér segir:

<u>Afhendingarstaðir innmötun</u>	<u>Afhendingarspenna</u>
Andakílvirkjun	66 kV
Blöndustöð	132 kV
Búrfellsstöð	220 kV og 66 kV
Fljótsdalsstöð.....	220 kV
Hellisheiðarvirkjun	220 kV
Hrauneyjafossstöð.....	220 kV
Írafossstöð	132 kV
Kröflustöð	132 kV
Lagarfossvirkjun.....	66 kV
Laxárstöð	66 kV
Ljósafossstöð.....	66 kV
Mjólkárvirkjun.....	66 kV
Nesjavellir	132 kV
Reykjanesvirkjun.....	130 kV
Sigöldustöð	220 kV
Steingrímsstöð.....	66 kV
Sultartangastöð	220 kV
Svartsengi.....	132 kV
Vatnsfellsstöð	220 kV

<u>Afhendingarstaðir úttektar</u>	<u>Afhendingarspenna</u>
-----------------------------------	--------------------------

Til stórnotenda:

Aðveitustöð ALCAN	220 kV
Aðveitustöð Fjarðaáls.....	220 kV
Aðveitustöð Járnblendifélagsins	220 kV
Aðveitustöð Norðuráls	220 kV

Til dreifiveitna:

Akranes66 kV
Bessastaðir.....	132 kV
Blanda11 kV
Bolungarvík66 kV
Breiðadalur.....	..66 kV
Brennimelur.....	..11 kV
Búrfell	11 kV
Dalvík66 kV
Eskifjörður66 kV
Eyvindará.....	..66 kV
Fáskrúðsfjörður.....	..66 kV
Fitjar	132 kV

Flúðir66 kV
Geiradalur	132 kV
Glerárskógar	132 kV
Grundarfjörður66 kV
Hamranes	132 kV
Hella66 kV
Hnoðraholt	132 kV
Hólar	132 kV
Hrútatunga	132 kV
Hryggstekkur11 kV
Húsavík33 kV
Hveragerði66 kV
Hvolsvöllur66 kV
Ísafjörður66 kV
Kópasker66 kV
Korpa	132 kV
Krafla11 kV
Lagarfoss66 kV
Laxá11 kV
Laxárvatn	132 kV
Lindarbrekka66 kV
Ljósafoss	11 kV
Mjólká	33 kV
Neskaupsstaður66 kV
Ólafsvík66 kV
Prestbakki	132 kV
Rangárvellir	66 kV
Rauðavatn	132 kV
Rimkot66 kV
Sauðárkrókur66 kV
Selfoss66 kV
Seyðisfjörður66 kV
Silfurstjarna66 kV
Stuðlar66 kV
Svartsengi	132 kV
Tálknafjörður66 kV
Teigarhorn	132 kV
Þorlákshöfn66 kV
Varmahlíð11 kV
Vatnshamrar66 kV
Vegamót66 kV
Vestmannaeyjar33 kV
Vogaskeið66 kV
Vopnafjörður66 kV
Öldugata í Hafnarfirði	132 kV

4. grein

4.1 Flutningsgjöld¹

Innmötun:

Afhendingargjald 3.925.033 kr. á ári

Úttekt:

Dreifiveitur

Afhendingargjald 3.925.033 kr. á ári

Aflgjald 4.029.942 kr. á ársMW.

Orkugjald..... 291,81 kr. á MWst.

Stórnotendur

Afhendingargjald..... 60.550 USD á ári

Aflgjald..... 32.038 USD á ársMW.

Orkugjald..... 1,620 USD á MWst.

Ótryggt rafmagn

Orkugjald..... 291,81 kr. á MWst

Gjald fyrir kerfisþjónustu og flutningstöp er ekki innifalið í flutningsgjaldi hér að ofan og er innheimt sérstaklega skv. grein 4.2.

4.2. Gjald fyrir kerfisþjónustu og flutningstöp²

Kerfisþjónusta..... 25,80 kr. á MWst

Flutningstöp..... 79,80 kr. á MWst.

4.3 Veittur er 5% afsláttur af afl- og orkugjaldi samkvæmt grein 4.1. þar sem rafmagn er afhent til dreifiveitna á hærri málspennu en 66 kV.

4.4 Ekki er innheimt aflgjald vegna ótryggðs rafmagns sem afhent er á 132 kV málspennu eða lægri og ef aflúttekt er meiri en 1 MW.

4.5 Aflgjald vegna úttektar er reiknað útfrá meðaltali fjögurra hæstu 60 mínútna mánaðarafliþoppa ársins fyrir sérhvern afhendingarstað.

4.6 Veittur er afsláttur af gjaldi á kerfisþjónustu vegna ótryggðs rafmagns sem nemur kostnaði Landsnets vegna varaafis.

¹ Íslenskar reglur eru notaðar í framsetningu talna í gjaldskrá.

² Gjöld vegna tapa og kerfisþjónustu taka breytingum til samræmis við innkaup Landsnets á flutningstöpum og kerfisþjónustu.

5. grein

Gjöld vegna kerfisþjónustu og tapa greiðast eingöngu af úttekt með þeirri undantekningu sem kemur fram í gr. 8.3.

6. grein

Afhendingarstaðir skulu að öllu jöfnu vera sérmældir. Þó skulu afhendingarstaðir sammældir inn á dreifiveitusvæði sem rekið er samtengt, enda geti hver afhendingarstaður annað a.m.k. $1/(n-1)*100\%$ af heildarþörf svæðisins, þar sem n er fjöldi afhendingarstaða.

7. grein

7.1 Hver viðskiptavinur greiðir afhendingargjald fyrir sérhvern afhendingarstað þó hann tengist flutningskerfinu á fleiri en einu inn- eða úttaki innan hans og mismunandi afhendingarspennu, sbr. gr. 3.

7.2 Afsláttur af afhendingargjaldi á úttekt er veittur ef hámarksaflúttekt er eftirfarandi:
Á bilinu 3,0 – 6,0 MW er veittur 40 % afsláttur.
Minna en 3,0 MW er veittur 70 % afsláttur.

7.3 Í sérhverjum afhendingarstað leggur Landsnet kaupanda til eitt úttak vegna úttektar á afhendingarspennu, sem tilgreind er í grein 3. Kaupandi skal greiða allan kostnað vegna viðbótarúttaks sem hann óskar eftir, svo og vegna annarrar afhendingarspennu en tilgreind er í gr. 3 og hann kann að óska eftir.

7.4 Kaupandi ótryggðs rafmagns skal greiða allan kostnað vegna sérstaks úttaks.

8. grein

8.1 Dreifiveitur skulu greiða úttektargjald sbr. 4. gr. af orku sem framleidd er í virkjunum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu skv. eftirfarandi:

1. vegna þeirrar orku sem framleidd er í virkjun sem er undir 1 MW skal ekki greiða úttektargjald.
2. vegna orku sem framleidd er í virkjunum á stærðarbilinu 1–3,1 MW skal ekki greiða úttektargjald við neðri stærðarmörkin en síðan skal gjaldið fara hlutfallslega hækkandi þar til það nemur 75% fulls úttektargjalds við efri mörkin.
3. vegna orku frá virkjun sem er 3,1–7 MW skal greiða 75% fulls úttektargjalds.

8.2 Dreifiveitur skulu greiða gjald fyrir kerfisþjónustu sbr. gr. 4.2 af þeirri orku sem framleidd er í virkjunum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu, og fer ekki inn á flutningskerfi Landsnets.

8.3 Gjöld skv. gr. 8 eru gerð upp sérstaklega.

9. grein

9.1 Gjaldskráin miðast við að meðal fasviksstuðull við úttekt hjá dreifiveitum í sérhverjum afhendingarstað sé ekki lægri en $\cos\phi 0,9$, nema annað sé tiltekið í samningum Landsnets og viðskiptavinar.

9.2 Falli meðal fasviksstuðull eins mánaðar niður fyrir þessi gildi hækkar orku- og afgangur samkvæmt 4. grein um 2 % fyrir hvert 1% sem meðalfasviksstuðullinn fer niður fyrir slíkt lágmark.

10. grein

Verð á jöfnunarorku er breytilegt og ræðst af verði á markaði hverju sinni og verður birt á heimasíðu Landsnets hf.

11. grein

Gjaldskrá þessi er sett af Landsneti hf. í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun hefur sett Landsneti hf. og gildir frá og með 1. febrúar 2008.

12. grein

Orkustofnun hefur eftirlit með að Landsnet hf. starfi samkvæmt lögum nr. 65/2003 og fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum og reglugerðum.